



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Skuggasundi 2-4  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2018

1806029SA GB  
Málalykill: 11.05

### **Efni: Umsögn um drög að aðgerðaáætlun um að draga úr plastmengun**

Vísað er til tillagna samráðsvettvangs um aðgerðir til þess að draga úr plastmengun, dags. 29. október 2018, sem nú eru til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins.

#### **Almennt**

Helstu markmið með skipun samráðsvettvangsins voru að koma með tillögur um eftirtalin atriði:

- 1) leiðir til að draga úr notkun plasts hér á landi
- 2) leiðir til að bæta endurvinnslu plasts á Íslandi
- 3) leiðir til að takast á við plastmengun í hafi

Að áliti sambandsins er hér um afar mikilvægt verkefni að ræða. Áskorunin er jafnframt stór og lýtur m.a. að því að breyta neysluvenjum alls þjóðfélagsins. Með vinnu samráðsvettvangsins er stigið fyrsta skrefið í átt að þessu markmiði en áður en ákvarðanir eru teknar um val á leiðir þarf að liggja fyrir vönduð ábata- og kostnaðargreining um þær mögulegu leiðir sem samráðsvettvangurinn bendir á. Af hálfu sambandsins er eindregið tekið undir lokaorð skýrslunnar um að tillögurnar nýtist til að vinna áfram að verkefninu en þar er jafnframt lögð áhersla á að víðtækt samráð verði haft við haghafa um að koma þeim í framkvæmd.

Vert er að undirstrika að samráðsvettvangurinn var skipaður fulltrúum frá mjög breiðum hópi og er ekki hægt að líta svo á að Samband Íslenskra sveitarfélaga, frekar en aðrir þátttakendur í þessari vinnu, taki undir allar tillögur sem safnað er saman í skýrslunni. Einnig er ástæða til að áréttta að af hálfu samráðsvettvangsins liggur ekki fyrir nein forgangsröðun tillagna, tillögur um fjármögnun eða mat á áhrifum þeirra, en ljóst er að sumar tillagnanna geta haft mikil fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin.

Loks er tilefni til að benda á að tillögur í drögum að aðgerðaáætlun gefa ekki heildarmynd af þeim áskorunum sem þörf er á að skoða. Þannig væri sérstök ástæða til þess að skoða þann mikla fjölda plasttegunda sem eru í umferð og hverjar þeirra eiga sér skýran endurvinnslufarveg. Einnig skortir umfjöllun um samsettar umbúðir, sem eru að stærstum hluta óendurvinnanlegar.

## **Tillögur um að draga úr notkun plasts**

Fyrstu átta tillögurnar lúta að því að draga úr notkun plasts. Sambandið tekur undir meginmarkmið þessara tillagna og er sammála því að grundvöllur á að vera til þess að draga mjög mikið úr notkun plastumbúða, einnota borðbúnaðar úr plasti og öðrum plastvörum sem tengjast neyslu almennings. Mikilvægt er þó að greina ekki eingöngu kostnað ríkis og sveitarfélaga af einstökum tillögum heldur fari einnig fram ábatagreining til að leiða fram kosti og galla einstakra tillagna. Það á m.a. við um tillögur um bann við sölu og afhendingu burðarpoka úr plasti, sem ráðherra hyggst leggja til í frumvarpi sem stefnt er að því að leggja fram á Alþingi nú í vetur. Sambandið tekur hins vegar mjög eindregið undir að mikil tækifæri eru til þess að minnka notkun burðarpoka úr plasti og raunar alls kyns umbúða utan um neysluvörur.

## **Bætt endurvinnsla**

### *Samræming úrgangsflokkunar og möguleg lagasetning*

Sambandið er á þessu stigi ekki sammála því að nauðsynlegt sé að lögbinda ákveðið kerfi flokkunar úrgangs hér á landi og vísar í því sambandi til mikillar umræðu um flokkun úrgangs frá heimilum í tengslum við frumvarp um breytingar á úrgangslögum sem varð að lögum nr. 63/2014. Niðurstaða löggjafans á þeim tíma var að skilgreina sérstaka söfnun sem söfnun þar sem *straumi úrgangs er haldið aðskildum á einhverjum tímapunkti í söfnuninni eða flokkun úrgangsins, eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun*. Þessi skilgreining setur það í meginatriðum í hendur sveitarfélaga og annarra sem meðhöndla úrgang hvernig fyrirkomulagi úrgangsflokkunar er háttað í hverju sveitarfélagi. Mikil tækifæri eru hins vegar ónýtt til þess að vinna að auknu samræmi milli sveitarfélaga varðandi flokkun úrgangs og er eðlilegt að sveitarfélög vinni í meira mæli saman að stefnumótun og fræðslu til íbúa um úrgangsmál.

Sambandið telur eðlilegt að fram fari samtal milli ríkisins og sveitarfélaganna um leiðir til þess að ná betri árangri í flokkun og meðhöndlun úrgangs, m.a. í tengslum við fyrirhugaða stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Hugmyndir um lagasetningu þarf jafnframt að ræða í þessu samtalí og er af hálfu sveitarfélaganna gerð krafa um að fram fari kostnaðarmat ásamt tillögum um fjármögnun útgjaldaauka sveitarfélaga vegna breytts fyrirkomulags sem lögfest kann að verða.

### *Úrvinnslugjald á allt plast*

Sambandið tekur undir tillögu um að skoðað verði að útvíkka lögbundið hlutverk Úrvinnslusjóðs þannig að úrvinnslugjald verði lagt á fleiri plastvörur. Slík úttekt þarf þó að ná til fleiri vöruflokka. Í því samhengi bendir sambandið m.a. á drykkjarvöruumbúðir sem að hluta eru undanþegnar úrvinnslugjaldi og glerumbúðir. Einnig telur sambandið eðlilegt að fram fari skoðun á því hvort árangur af gildandi fyrirkomulagi um framleiðendaábyrgð á veiðarfærum sé ásættanlegur.

### *Grænar lausnir og nýsköpun*

Að áliti sambandsins eru þessar tillögur fyllilega skoðunar virði.

## Plastmengun í hafi

### Vöktun og rannsóknir

Brýnt er að fram fari rannsóknir á áhrifum plastmengunar á lífríki í hafi. Slíkar rannsóknir hljóta einnig að vera grundvöllur stöðugreiningar og árangursmælinga þeirra aðgerða sem ákveðnar verða.

### Bætt skólphreinsun

Aðgerð 14 í tillögum samráðsvettvangsins er án vafa umfangsmesta tillagan sem beinist að sveitarfélögum. Hér á landi er almennt gengið út frá því að eins þreps hreinsun frárennslis sé nægileg. Jafnframt hefur þótt óæskilegt að blanda ofanvatni saman við frárennslis frá heimilum og fyrirtækjum. Slík blöndun felur enda í sér töluverða mengunaráhættu vegna aukins álags á fráveitukerfi þegar úrkoma er mikil. Það er hins vegar óumdeilt að fráveitukerfi hér á landi eru ekki hönnuð til þess að fanga örplast í hreinsistöðvum og er brýnt að fagleg umræða fari fram hér á landi um leiðir til að draga úr örplastmengun frá fráveitum.

Sambandið leggur áherslu á að umræða um mögulegar lausnir á þessu vaxandi vandamáli einskorðist ekki við hreinsistöðvar fráveitna og uppbyggingu fráveitukerfa sveitarfélaga. Í mengunarvarnalöggjöf er almennt lögð megináhersla á að sporn við mengun m.a. frá atvinnustarfsemi með kröfum um viðeigandi hreinsibúnað, þannig að frárennslis sé eins lítið mengað og frekast er unnt. Dæmi um slíkan búnað er t.d. olíu- og fituskiljur sem víða er gerð krafa um í starfsleyfum. Tilfni er til umræðu um hvort skynsamlegt er að gera kröfur um frekari hreinsibúnað vegna hættu á örplastmengun.

Í ljósi þess að örplastmengun úr fatnaði er ört vaxandi vandamál þarf einnig að skoða frárennslis frá heimilum. Hægt er að kaupa þvottavélar með síubúnaði sem fangar örplast þannig að það fari ekki út í frárennslis. Skynsamlegt virðist að skoða annars vegar fræðslu til almennings um mikilvægi slíks búnaðar og einnig hvaða kröfur er eðlilegt að gera til framleiðenda þvottavéla um að setja slíkan búnað í allar þvottavélar sem seldar eru hér á landi.

Af hálfu sambandsins er lögð gríðarleg áhersla á að allir mögulegir kostir til að draga úr örplastmengun verði skoðaðir. Ljóst má vera að ef eingöngu er horft til fráveitukerfa sveitarfélaga varðandi mögulegar lausnir mun útgjaldauki sveitarfélaga hlaupa á mörgum milljörðum króna. Sveitarfélögin hljóta að kalla eftir aðkomu ríkisins að fjármögnun slíkrar uppbyggingar en rétt er að minna á að í heilan áratug hefur ríkisvaldið í engu sinnt ákalli sveitarfélaga um að endurgreiða virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum.

### Nýting settjarna til að varna plastmengun

Áhugi sveitarfélaga á svonefndum blágrænum ofanvatnslausnum hefur aukist mjög hér á landi og má vænta þess að sá áhugi verði almennt til staðar þegar horft er til uppbyggingar nýrra hverfa. Ákvæði landsskipulagsstefnu og skipulagsreglugerðar, sem vísað er til í tillögu 15, beinast fyrst og fremst að nýrri uppbyggingu, eins og eðlilegt er, en eru ekki bindandi fyrir sveitarfélög við gerð skipulagsáætlana. Rétt þykir jafnframt að hafa þann almenna fyrirvara á mögulegri frekari lögbindingu

slíkra lausna að ekki liggur mikið fyrir af rannsóknum um virkni settjarna til að fanga örplast úr ofanvatni.

#### *Hreinsun stranda og merking veiðarfæra*

Sambandið tekur jákvætt í tillögur 17 og 18 og er ljóst að sveitarfélög hafa vaxandi áhuga á aðkomu að hreinsun stranda. Rétt er þó að minna á að kostnaður við slíka hreinsun getur verið mikill, ekki síst fyrir fámenn sveitarfélög með langa strandlengju. Mikil tækifæri eru fyrir aðkomu félagasamtaka og vinnustaða að slíkum verkefnum og tekur sambandið undir að stofnun sjóðs til að fjármagna slík verkefni væri mjög jákvætt skref. Einnig er þó tilefni til að huga að virkni framleiðendaábyrgðar á veiðarfærum og annarri mengun sem rekja má til fiskveiða.

#### **Lokaorð**

Líkt og rakið er í þessari umsögn er tilefni til þess taka jákvætt í framkomnar tillögur samráðsvettvangsins. Forsenda forgangsroðunar einstakra tillagna, sérstaklega þeirra sem talist geta íþyngjandi fyrir sveitarfélög, fyrirtæki eða almenning, hlýtur þó að vera að fyrir liggja vönduð ábata- og kostnaðargreining, ásamt því að fjármagni verði varið til rannsókna og vöktunar á áhrifum plastmengunar.

Sambandið lýsir áhuga á samtali við umhverfis- og auðlindaráðherra og aðra haghafa um frekari skref á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri